

## ANNAR ÁRSFJÓRDUNGUR (4-6 MÁNAÐA)

Næstu þrjá mánuðina gerist margt í þroska barnsins. Það fer að fá betra vald yfir höfðinu og sperra sig æ hærra þegar það liggur á grúfu. Jafnframt fer það að hvíla á framhandleggjum og síðan nálægt sex mánaða aldri að styðja á beina arma og nota þá þannig í leik.

Veltan kemur líka smátt og smátt. Fyrst fellur barnið óvart af grúfu yfir á bak, en síðan þegar það er farið að lyfta fótum upp, toga í tærnar og naga þær verður veltan smám saman viljastýrð.



Barnið fer að finna tilgang í því að koma sér úr einni stöðu yfir í aðra.

Um sex mánaða situr barnið sæmilega með stuðningi og byrjar að styðja sig fram á við. Þarna er það líka farið að spryrna í þegar það er látið standa, hossa sér með miklum tilþrifum og dansa nettlega á tánum.


Jafnframt þessu færast hendur betur að miðju líkamans við bringu, fyrst í stað til að naga sig í handarbókin og biðja fyrir sér, en síðan fer barnið að seilast eftir hlut, grípa um og bera að munni. Allt er athugað vendilega með munninum.

Á þessum aldri og fram til tveggja ára aldurs eru hendur jafnvígar. Barnið grípur með öllum lófanum, klunnalegu gripi. Það seilist með báðum höndum í senn eftir hlut og flytur hann á milli handanna.

Í lok þessa tímabils fer barnið að malda í móinn þegar leikfang er tekið af því. Skemmtilegur leikur á þessum aldri er „feluleikur“, barninu er dillað þegar dula er sett yfir höfuð þess, „gjugg“, og tekin af aftur „bö“. Hljóðamynndun verður æ blæbrigðaríkari eftir því sem vikurnar líða.

Við fjögurra mánaða aldur hlær barnið hátt og innilega þegar einhver glettist við það. Enginn hlátur er eins smitandi.

Um fimm mánaða hjalar og babblar barnið, segir agú og steypir silfurhnappa (þ.e. myndar slefbólur/munnvatnsperlur) og upp úr sex mánaða aldri fer það að herma eftir einföldum hlutum eins og hósta, smella í góð, reka út úr sér tunguna og malandi hreyfingar koma í munn, frábrugðnar soginu, þegar barnið er matað.



**Hvatning:** Vera saman, kynnast betur, njóta nýrra þátta í samverunni. Tala saman, kjá, hnoðast, glettast, sýna, leika.

**Skoða, naga, gera hávaða:** Létt, traust og hættulaus leikföng, sem þola hvað sem er. Slá í gólf/borð, sleifar, kubbar, hringlur, o.p.h.

**Hreyfa sig:** Liggja á grúfu til að styrkja háls/herðar, handleggi og bak og skoða heiminn frá því sjónarhorni. Hjálpa til að velta sér yfir á hliðarnar, af grúfu á bak og síðar frá baki og yfir á grúfu, til að styrkja axlir, bol að aftan og framan og vöðvana í kringum hálsinn. Sitja með stuðningi til að fá tilfinningu fyrir því að halda bol uppréttum og finna jafnvægi höfuðs og bols, sem barnið fær líka með því að hoppa og dansa í kjöltu þess sem heldur á því.

# Gátlistar 4 - 6 mánaða


## 4 mánaða

### Grófhreyfingar

Sperrir sig á grúfu, með höfuð og brjóst frá undirlagi.

Veltur óvart af maga yfir á bak.

Gott vald á höfði þegar setið er með það.



### Fínhreyfingar

Hendur við bringu í leik, prjónar, biður fyrir sér, nágari sig í handarbökin.

Seilist eftir hlut, grípur og ber að munni.

### Samskipti

Hlær hátt þegar fólk glettist við það.

Brosir við andliti.

Snýr höfði í átt að hljóði.

## 5 mánaða

### Grófhreyfingar

Lyftir höfði liggjandi á baki, togar í fæturna á sér, nágari á sér tærnar.

Leikur að tám.

Lyftir höfði og brjósti á grúfu. Sperrir sig.

Tekur sundtökin.

Tekur þunga á framhandleggi.

### Fínhreyfingar

Tekur upp hluti og flytur milli handanna, stingur upp í sig (til 12 mánaða).

Seilist með báðum höndum í einu eftir hlut.

Lófagrip.

Hendur jafnvígar.

### Samskipti

Hjalar. Babblar. Agú.

Steypir silfurhnappa (myndar slefbólur/munnvatnsperlur).

## 6 mánaða

### Grófhreyfingar


Veltir sér af grúfu yfir á bak og á báðar hliðar.

Hjálpar til við að setjast upp þegar togað er í hendur þess.

Tekur þunga á lófa með beina olnboga þegar það liggur á grúfu.

Situr með stuðningi. Byrjar að styðja sig fram.

Spryrnir með fullum þunga í fætur, hossar sér, dansar á tánum.



### Fínhreyfingar

Þegar barninu eru réttir tveir kubbar, grípur það eftir öðrum. Heldur á báðum ef þeir eru settir í hendurnar.

Missir kubb sem það heldur á, ef það seilist eftir öðrum.

### Samskipti

Eftirvænting eftir að vera tekið upp.

Brosir við spegilmynd sinni.

Gerir greinarmun á fólki sem það þekkir og ókunnugum.


Sýnir ánægju og óánægju.

### Leikur

Maldar í móinn þegar leikfang er tekið af því.

Horfir á eftir hlut sem dettur.

Er dillað þegar dula er sett yfir höfuð þess. Feluleikur.



### Málþroski

Hermir eftir hósta, smella í góð, reka út úr sér tunguna.

Byrjar að tyggja.

Lítur í átt að hljóði.

**Verum á varðbergi ef barnið er ekki farið að...**

velta sér, spryrna fótum í þegar það er látið standa, flytja dót milli handanna, leita eftir því sem það missir,  
þegar það er orðið ...

**6 mánaða**